

10. desember 2020



Leiðtogafundur um loftslagsmetnað: Ný markmið og efldur metnaður Íslands í loftslagsmálum

| Stjórnarráð Íslands

| Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

Parísarsamningurinn og skuldbindingar Íslands í loftslagsmálum



- Byggir á sk. landsmarkmiðum (NDC), sem eiga að vera metnaðarfull og ná til allrar losunar
- NDC endurskoðuð á 5 ára fresti
- NDC Íslands nú: -40% losun 2030 m.v. 1990, í samfloti með ESB og Noregi
- -40% er sameiginlegt markmið 29 ríkja; innri um skuldbindingar einstakra ríkja
- Ísland og Noregur sömdu við ESB 2019 um fyrirkomulag samflots, tekið inn í EES-samninginn í gegnum Bókun 31

Sameiginlegt markmið Evrópuríkja gagnvart Parísarsamningnum

Sameiginlegt markmið



Skipting markmiðs á flokka

1 **-30%**
frá 2005 til 2030

ESR. Sameiginlegt markmið fyrir beina ábyrgð ríkja

2 **-43%**
frá 2005 til 2030

ETS. Markmið fyrir viðskiptakerfi um losunarheimildir

3 Engin nettólosun
frá 2021 til 2030

LULUCF. Markmið fyrir landnotkun

Þýðing fyrir Ísland

-29% Lágmarkssamdráttur á beinni ábyrgð Íslands

Ekkert einstakt markmið fyrir Ísland eða önnur ríki – samdráttur í losun á ábyrgð fyrirtækja

Sömu reglur gilda um landnotkun á Íslandi og í hinum ríkjunum

COP 26 og Leiðtogafundur um loftslagsmetnað



- Átti að halda COP 26 í Glasgow í nóv. 2020; frestað vegna Covid
- Mikilvægasti ársfundur Loftslags-samnings S.þ. síðan í París 2015
- Átti að endurskoða landsmarkmið ríkja í fyrsta sinn
- Núv. landsmarkmið ónóg til að halda hlýnun innan við 2°C; ljóst að þarf að herða þau
- Bretar og S.þ. (með fleirum) blása til Leiðtogafundar um loftslagsmetnað 12. des.
- Eingöngu boðið þeim sem vilja tilkynna um hert markmið

Yfirlýsingar ýmissa ríkja 2020



- Bjartsýni vegna yfirlýsinga margra ríkja um aukinn metnað
- Kína: Kolefnishlutleysi fyrir 2060
- Japan: Kolefnishlutleysi fyrir 2050
- BNA: Munu ganga aftur inn í Parísarsamninginn; ný stefna
- Bretland: -68% í heildarlosun til 2030
- ESB: Tillögur um að herða markmið í -55(60)%; rætt á fundi 11. des.
- Noregur: Hert markmið í -50/55%, í samfloti með ESB og Íslandi
- Danmörk: -70% í heildarlosun
- Svíþjóð: -63% í losun utan ETS



Efld markmið Íslands

Tilkynnt um efldan metnað á 3 sviðum:

- a. Draga úr losun um 55% eða meira, í samfloti með ESB og Noregi
- b. Auka kolefnisbindingu til að ná settu marki um kolefnishlutleysi Íslands 2040 og ná áfangamarkmiði 2030; kallar á eflda kolefnisbindingu með skógrækt og landgræðslu m.m.
- c. Auka áherslu á loftslagstengd þróunarsamvinnuverkefni, einkum á sviði sjálfbærrar orku með tilliti til íslenskrar sérþekkingar


Ríkisstjórnin hefur samþykkt tillögur þessa efnis

Aukinn samdráttur í losun



- Viljayfirlýsing um þátttöku í hertu markmiði með ESB og Noregi, þar sem sameiginlegt markmið yrði hert í -55% til 2030 m.v. 1990
- Sambærilegt við yfirlýsingu Noregs
- Verður útfært nánar í regluverki
- Aðgerðir í uppfærðri aðgerðaáætlun (2020) eiga að skila 35% samdrætti
- Aðgerðir í mótun eiga að skila 5-11% viðbótarárangri
- Rétt að styrkja betur valdar aðgerðir

Aukin kolefnisbinding – áfangi að kolefnishlutleysi




- Parísarsamningurinn kallar eftir jafnvægi milli losunar og upptöku kolefnis
- Markmið Íslands um kolefnishlutleysi 2040 næst ekki bara með minnkun losunar – þarf líka upptöku kolefnis úr andrúmslofti
- Kolefnisbinding í bergi – Carbfix
- Kolefnisbinding í gróðri og jarðvegi – Ísland á meiri möguleika en flest lönd
- Tilkynnt um efldar aðgerðir í landnotkun, í viðbót við þegar ákveðnar í Aðgerðaáætlun
- Ná áfanga um 2030: Binding og ávinningur í landnotkun jafnt og losun á beinni ábyrgð Íslands

Aukin áhersla á loftslagstengd þróunarsamvinnuverkefni



- Sérstaklega horft til verkefna á sviði sjálfbærrar orku með tilliti til íslenskrar sérþekkingar: jarðhitanytingar í Austur-Afríku o.fl.
- Stutt við verkefni á sviði landgræðslu, jafnréttismála og loftslagsbreytinga m.a. í samstarfi við Umhverfisstofnun S.þ. (UNEP), Þróunaráætlun S.þ. (UNDP), Eyðimerkursáttmála SÞ (UNCCD) og Alþjóðastofnun um endurnýjanlega orku (IRENA)
- Ísland með öflug verkefni á sviðum þar sem Ísland hefur mikla þekkingu, s.s. í jarðhitanytingu, landgræðslu og jafnréttismálum

Aðgerðir og fjármögnun



- Rétt að efla aðgerðir með auknum metnaði
- Grænar áherslur í viðspyrnu eftir Covid á árinu 2021, skapi störf m.a. í uppgræðslu
- Langtímaaukning í fjárveitingum til loftslagsmála, skoðað við gerð fjármálaáætlunar 2021
- Megináhersla á aðgerðir á sviði landnotkunar (skógrækt, landgræðsla, endurheimt votlendis o.s.frv.), sem færa Ísland nær markmiði um kolefnishlutleysi
- Aðgerðaáætlun nú öflugt tæki til að draga úr losun, en þarf að styrkja valdar aðgerðir

Markmið og hagsmunir í loftslagsmálum



- ❖ Gott orðspor Íslands í loftslagsmálum
- ❖ Gott orðspor ýmissa atvinnugreina (orkuframleiðsla, ferðaþjónusta, sjávarútvegur, ný tækni)
- ❖ Útflutningur á grænum lausnum (Grænvangur)
- ❖ Standast skuldbindingar; þurfa ekki að kaupa losunarheimildir
- ❖ Tryggja að aðgerðir í loftslagsmálum styðji önnur markmið (meiri loftgæði, orkuskipti og sjálfbærni í orkumálum, endurheimt landgæða, styrking byggða o.fl.)
- ❖ **Taka virkan þátt í að hamla hættulegum breytingum og tryggja hag komandi kynslóða**

Næstu skref



- Tilkynna aukinn metnað 12. des.
- Senda inn nýtt NDC, fyrir áramót eða snemma árs 2021
- Samráð við ESB og Noreg um útfærslu á efldu markmiði í samfloti Evrópuríkja
- Efla valdar aðgerðir til að ná markmiðum
- Vinna sviðsmyndir um kolefnishlutleysi og leiðir að því, með þátttöku almennings og haghafa
- COP 26 í Glasgow, nóv. 2021